

Bókarýni

Paola Cardenas og Soffía Elín Sigurðardóttir. *Súper Kröftug*. Sjálfstyrkur ehf.

Umsögn: Dr. Margrét Sigmarsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði barna.
Dósent í sálfræði – Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Súper Kröftug er nýjasta bók í seríunni Sum Súperstyrkina eftir sálfræðingana Paolu Cardenas og Soffíu Elínu Sigurðardóttur. Viktoría Buzukina myndskreytir og útgáfu annast Sjálfstyrkur ehf. Bókin tekur á mikilvægu efni, sem snýr að áskorunum sem börn, foreldrar, kennarar og þjálfarar standa frammi fyrir þegar fjölskyldur setjast að og þurfa að aðlagast í nýju landi. Í bókinni er fjallað um tvö börn á grunnskólaaldri, sem koma til Íslands frá framandi löndum og setjast að á Húsavík. Vikið er að þáttum sem geta verið krefjandi í ókunnum aðstæðum, bæði fyrir barnið sjálft og aðstandendur.

Greint er frá verndandi þáttum, sem stuðla að góðri aðlögun í nýju samfélagi eins og mikilvægi þess að mynda vináttutengsl við önnur börn og að taka þátt í íþróttum og öðrum tómstundum þar sem töluð er íslenska. Bókin er mikilvægt innlegg og stuðningur fyrir sífellt stækkandi hóp fjölskyldna, sem eru af erlendu bergi brotnar og setjast að á Íslandi.

Innihald textans byggir á niðurstöðum rannsókna sem sýna hvaða þættir hafa sérstaklega áhrif á bætta aðlögun barna í þessum aðstæðum. Efnið er sett fram með nokkuð skipulögðum hætti þar sem fyrst er sögð saga barnanna og hvernig ofurhetjan Súper Kröftug kemur inn með góð ráð. Í lokin eru svo settar fram hugmyndir

sem auðvelda aðlögunarferlið og sérstaklega ætlaður uppalendum.

Textinn er settur þannig fram að hver þáttur, sem hefur mikið vægi fær sérstaka athygli og er dreginn fram með áberandi litum og leturstærð. Eins eru teikningar aðlagðar að hverjum þætti til að ná athygli og undirstrika hvern og einn þeirra. Ofurhetjan er í skikkju og krakkarnir í viðeigandi klæðnaði miðað við það sem þau fást við hverju sinni. Þau eru léttklædd þegar þau hugsa heim í gamla landið sitt og í lopapeysum eða öðrum útífatnaði þegar þau eru við leik á Íslandi.

Myndlíkingar eru notaðar skemmtilega. Súper Kröftug gefur börnunum t.d. græðlinga og segir þeim að græðlingar geti vaxið hvar sem er á jörðinni með góðu atlæti. Þetta eigi líka við um þau þar sem ýmsir í umhverfinu á Íslandi geti stutt við þau og stuðlað að góðri aðlögun þeirra.

Bókina má nýta til að lesa með börnum sem eru að takast á við breyttar aðstæður og fyrir önnur börn hér á landi til að auka þekkingu á því hvernig best má styðja við þennan ört stækkandi barnahóp hérlandis. Bókin inniheldur einnig góðar ráðleggingar fyrir foreldra, kennara og þjálfara og væri gott að eiga sem víðast.

Á forsiðu mætti koma fram að höfundar eru sálfræðingar og svo er spurning hver á höfundarréttinn. Bókin er góð viðbót við Súperbækurnar og á fullt erindi í samtímanum.